Maskínukönnun

# Ánægja með forseta Íslands

Ágúst 2026

Maskína

# Aðferð

## Markmið og framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu,** sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur eru alls staðar að af landinu 18 ára og eldri. Svör voru vegin samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar um kyn, aldur, búsetu og menntun, þannig að þau endurspegla þjóðina prýðilega. Við vigtun svara getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram **7. til 11. ágúst 2026** og voru svarendur **1.205** talsins.

Í könnunum Maskínu er þess gætt sérstaklega að úrtök endurspegli fjölbreytileika samfélagsins – svo sem hvað varðar aldursdreifingu, búsetu og menntunarstig. Upplýsingar um dreifingu svarenda eftir ólíkum hópum eru birtar með niðurstöðum hverju sinni svo fjölmiðlar og aðrir notendur geti lagt sjálfstætt mat á gæði mælinganna og hvaða viðhorf þær endurspegla.

Notkun á niðurstöðum úr þessari Maskínukönnun er heimil svo fremi sem vísað sé til heimilda og þess sé getið skýrt hver uppruni gagnanna er.

## Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

**Meðaltal** í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

**Staðalfrávik** í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

**Vikmörk** eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Efni skýrslunnar er bæði gagnlegt og áhugavert.
Opinber dreifing og umtal eru heimil svo lengi sem heimilda (Maskínu) er getið.
Sendu póst á maskina@maskina.is ef þú vilt vita meira.

Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskína-rannsókna ehf.

# Ánægja með störf forseta Íslands

*Tölur fyrir hvert ár eru samanlagðar mælingar ársins*




## 3. ársfjórðungur 2026



Maskína

# Ánægja með störf forseta Íslands

Hversu ánægð(ur/t) eða óánægð(ur/t) ert þú með störf Höllu Tómasdóttur sem forseta Íslands?



## Hversu ánægð(ur/t) eða óánægð(ur/t) ert þú með störf Höllu Tómasdóttur sem forseta Íslands?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög ánægð(ur/t) (5) | 233 | 19,8% |
| Frekar ánægð(ur/t) (4) | 366 | 31,2% |
| Hvorki ánægð(ur/t) né óánægð(ur/t) (3) | 392 | 33,4% |
| Frekar óánægð(ur/t) (2) | 126 | 10,7% |
| Mjög óánægð(ur/t) (1) | 58 | 4,9% |
| Samtals | 1.174 | 100,0% |
| | | |
| Veit ekki | 27 | 2,3% |
| Vil ekki svara | 3 | 0,3% |
| Heildarfjöldi | 1.205 | 100,0% |




| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,50 |
| Vikmörk (±) | 0,06 |
| Staðalfrávik | 1,06 |




*Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti svarkosturinn fær gildið 5 en neðsti svarkosturinn fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.*




*Mæling:* ***3. ársfjórðungur 2026***